

1909
TRÖLLASÖGUR

ISLENZKUR RIT-
HÄTTUR FYRRUM
OG NÚ (ATHUGASEMID).

HELGI PIETURSS

Tröllasögur.

(Úr ferðasögu).

Fólksstraumurinn er á sífeldu iði í þessum götugljúfrum. Á stjettunum er krökt af hægfara göngufólki, hægfara hjá vagnamerðinni, sem brunar hraðhjóla framhjá; hestvagnar með hófaskellum og svipusmellum, hringjandi rafbrautarvagnar og hóstandi, lúðurþeytandi bifreiðar. Þar ægir öllu verður að sæta lagi til að komast af einni götustjett á aðra, en sumstaðar verður ekki yfirum komist nema þegar lögreglumenn hjóða vagnstraumnum að staðnæmast, líkt og þegar drottinn forðum gerði þura geil í hafið rauða svo að Isra-

elismenn kæmst undan Faraó. Og svo þjóta eimlestirnar á brúm yfir götunum, eða í göngum neðanjarðar; umferðin er svo mikil, að gatan rúmar það ekki, heldur verða menn líka að smjúga jörðina. En stundum má sjá ljósleita loftbelgi sveima hátt uppi yfir húsunum, og á þessum síðustu tímum ennþá furðulegri vjelar, loftherskipin, beina flugið, og taka stefnu eftir aðalgötunum. Og er ekki ofsagt að alt sje á ferð og flugi.

Þegar kvöldar, tindrast óteljandi ralfjós, svo að varla ber nokkurstaðar skugga á, og er eins og röð af tunglum að sjá uppi yfir miðjum aðalgötunum. Berlin er best uppljómuð af öllum höfudborgum Evrópu. En verst er götulýsingin í Lundúnum, mest gasljós. (Eins kvað eiga að verða í Reykjavík, þó ilt sje til þess að vita, fyrir margra hluta sakir, og ekki sist ef hinn heimsfrægi höfundur að »Anticipations«, H. G. Wells, er svo margt hefur sagt fyrir þess háttar, sem nú er fram komið, er einnig sannspár í því, að innan fárra ára verði rafmagn alment notað til eldunar). Og er vjer litum til, sjest alt í einu eins og eldstraumur renna á húsahliðunum, eða leika uppi yfir þökunum; hann bregður í bugður og króka, uns eldlegir bókstafir loga við kvöldhimininn. eru þetta tákn frá himnum, mene tekkel, logandi viðvörun til þessarar spiltu Babýlonar? Nei, það eru auglýsingar um að þessir og þessir vindlingar sjeu bestir; eða þarna sje að leita skentistaðar o. s. frv.; amors-salir má lesa úr einu logaletrinu, og glóandi ör sýnir stefnuna. Þarna á orðið auglýsa við.

Ódinn, í febrúar 1909

Vjer göngum inn á einn af þessum glóstaftauglýstu stöðum, þar sem heitið er á leiksviði ýmsum af bestu glímumönnum heimsins. Iðkendur grísk-rómversku glímunnar eru þeir íþróttamenn, sem mestum vinsældum eiga að fagna hjá almenningi nú; eru þeir líkt og sverðungar (gladiatorar) voru í Rómaveldi forðum. Að visu mun hafa ennþá meira þótt til sverðunganna koma, þótt öllum skemtunum betra, að sjá þá spriklandi í blóði sínu, sem fyrir skemstu höfðu hlaupið inn á leiksviðið með blikandi vopnum, fullir af afli og fjöri. Og svo var það undir áhorfendunum komið, hvort sigurvegarinn slátraði þeim sem fallið hafði óvígur.

Nú falla raunar varla glímumenn svo, að þeir standi ekki upp aftur, og áhorfendur eiga ekki ráð á lífi þeirra. En það er þó ávalt ánægjan yfir því að sjá einhvern verða undir — eða þá sigra —, því að geta mætti þess til, að fremur væri það þetta, en sjálf glíman, sem mönnum þykir skemtun að. Og þar sem þeir sitja yfir ölkollum sínum og tóbaksglódum — hvað það er í rauninni undarlegt að sjá menn gera sig að nokkurskonar reykháfum — þá finst þeim þeir eiga einhvern þátt í heljarafli kappanna, sem sveitast lýsi til að leggja, eða umflýja að vera lagðir, á báðar axlir.

Og það var nú engin lýgi, þótt í auglýsingu stæði, að þarna væru saman komnir hinir gildustu glímukappar. Mátti þar sjá margan harðan aðgang og langan, og mikinn sveita til jarðar drjúpa, áður annarhvor var lagður á sitt breiða bak. Lögðu jötnarnir svo fast hrammana hvorir að öðrum, að hver meðalmaður hefði sjálfsagt fengið af heinbrot eður bana.

Þar var Antonitch hinn serbneski, trölíð, sem í fornum sögum sjálfsagt hefði verið talinn 7 álna há; því að ekki vantar hann nema helming á þá hæð, og er raunar lygilega úr grasi vaxinn, þó að satt sje sagt frá. Náði enginn kappanna honum meir en í öxl; var jötuninn svartur og svippungur og röddin draugslega dimm. Margir fjellu þar, fyrir honum; en þó að hann væri afarstór og sterkur og mjög frægur — eins og segir um Ajax

Telamonsson, — þá komst hann þó í hendur á þeim, sem voru honum ofurelli, þótt varla bæru þeir kollinn hærra en við bringu honum. Nefni jeg þar einkum hinn afarsterka, nautumlíka Rússa Padúbny, líklega frægasta glímumann, sem nú er uppi. Flestir voru glímumenn dökkir á brún og brá, en Padúbny er ljóshærður og bláeygur, herðabreiddur og hálsdigur, svo að líkara er nauti en manni. Og svo mikið sem mjer hafði fundist um hvað maðurinn var þrekvaxinn, er jeg sá hann á leiksvíði, þá óx mjer hann þó enn í augum, er jeg stóð nálægt honum í mannljólda. Svo geisibreiddar sem herðarnar eru og bakið, þá er þó svírin enn þá digrari en því svari. Hef jeg engan þann mann sjeð, sem líktist meir þeirri hugmynd er jeg hafði gert mjer um Gretti, en þennan Rússa, og kemur það ef til vill nokkuð af orðum Þorbjargar digru, er bændur ætluðu að hengja Gretti: »Hver er þessi hinn hálsdigri?« mælti hún. Mætti af þeim orðum ráða, að þó allur hafi maðurinn verið hýsna þrekinn, þá hafi þó einkum hálsinn borið frá því sem var um aðra menn.

Þessi rússneski berserkur hafði auðsjáanlega afl fram yfir alla, sem móti honum voru sendir, og að eins þeir allra sterkustu og mjúkustu, eins og Jakob Koch, stóðu nokkuð verulega í honum; en við hina minni máttar ljek hann sjer aðeins, og hafði gaman af að veifa kringum sig tveggjamökunum, eins og Grettir á Hegranesþingi.

En öðruvísi hefur verið að sjá í augu Gretti, en þessu rússneska nautmenni; því að Grettir var vitur maður, ef marka mætti það sem sagan segir af orðum hans, í bundnu máli og óbundnu.

(Tröllasögur þessar eru nokkru lengri; er í öðrum kalla aðalhetjan Feitur hinn mikli — öðru nafni Daumas, 360 pund að þyngd — þó að hann lægi að lokum fyrir Steingilsi sterka).

Helgi Pjeturss.

